



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kirkjuþingi
25. október 2008**

Virðulegu biskupar,
Ráðherra,
Kirkjuþing, fulltrúar og gestir.

Þegar Kirkjuþing kemur saman í fimmtugasta sinn og Kirkjuráð minnst merkra tímamóta er hugur þjóðarinnar að mestu bundinn við atburðarás á vettvangi viðskiptalífs, hin sögulegu þáttaskil sem orðið hafa í fjármálakerfi Vesturlanda og að nokkru veraldarinnar, hamfarir sem herða nú að líf skjörum og efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga.

Á slíkum umbrotatímum er hollt að varðveita boðskapinn sem kirkjan hefur um aldir flutt í byggðum landsins, siðalögmál sem verið hefur leiðarvísir þjóðarinnar.

Kristin trú hefur verið kjölfesta í sjálfsmynd Íslendinga, vegferð okkar samofin fagnaðarerindinu, áherslunni á samhjálp hina minnstu bræðra. Morgunbæn bóndans á bæjarhlaði, blessunarorð við fermingu og skírn í fátæklegri sveitakirkju, húskveðja á nöprum degi – allt gaf þetta Íslendingum kjark til að takast á við erfiðleika, hafa trú á framtíðinni, fyllast orku þegar hjallinn var hár.

Kirkjan, ýmist völdug og sterk, eða í vörn, jafnvel veikri stöðu, hefur verið samtvinnuð örlögum Íslands, aldarspegill á hverri tíð, skjól og huggun, hátíðarhús og gleðigjafi.

Fyrir okkur sem vorum svo lánsöm að alast upp í vestfirsku sjávarplássi, við undirleik brimsins sem barði bryggjur, samræður við karla í beituskúrum og biðina eftir að sjómennirnir kæmu heilir heim var frásögn Biblíunnar um frelsarann og fiskimennina nánast eins og saga úr næsta plássi.

Vestfirskur veruleiki kallaðist á við lífsgöngu lærisveina enda hafa Íslendingar í þúsund ár túlkað líf sitt og tilveru með vísan í dæmisögur Biblíunnar.

Örlög sjómanna og bænda, lífsbaráttan á löngum vetrum og frostköldum vorum, fórnir sem snertu hjartarætur fjölskyldnanna, óvissan og örvæntingin; allt átti það rætur í garði trúar og vonar, knappri frásögn guðspjallanna.

Samtvinnun fagnaðarerindis og lífsreynslu landsmanna hefur gert kristnina svo samofna íslenskri menningu og þjóðarvitund að saga þjóðarinnar og saga kirkjunnar eru tvær máttugar greinar á sama meiði.

Við gleymum því oft í erli dagsins að trúin og kristið líferni eru ekki aðeins bundin helgistundum heldur eiga þau að vera samofin verkum og breytni, mælikvarði á göfugt og gott, geyma ögrun sem öllu er æðri: vilja okkar til að fórna og fyrirgefa í annarra þágu.

Umburðarlyndi kristinnar trúar á ef til vill meira erindi til okkar nú en oftast áður því hraði breytinganna og miskunnarleysi kapphlaupsins á markaðstorgum og í sölum valdsins hefur gert okkur dómhörð, jafnvel svipt í burtu tillitsemi sem áður var aðal okkar Íslendinga.

Að undanfögnu höfum við lifað tíma óhófs og allsnægta; auður og efni aldrei meiri; háreistar hallir hýstu markaðstorg viðskipta og fjármagns. Eyrir ekkjunnar varð agnarsmár á vogarskálum sem mældu arð og umbun. Verðmætin voru um skeið metin á annan hátt en áður. Hraði breytinganna æ ofan í æ notaður til að réttlæta höfnun þess sem fyrrum var talið góður siður, samkennd og sanngirni.

Þjóð sem var rótföst í lífsháttum sveitar og sjósóknar gekk hiklaust um gáttir á alþjóðavelli, varð fyrri til en flestar aðrar að tileinka sér tækni sem umbylti samskiptum, hugsun og hegðan.

Um þessar mundir spyrja margir: Hvar voru þeir sem áttu að gæta okkar? Af hverju sagði enginn varnarorð? Í þeim efnum geta þeir borið höfuðið hátt sem vöruðu við dansinum kringum gullkálfinn, minntu á verðmætin sem verða ekki keypt með jarðneskum auði, hvöttu til trúmennsku, trygglyndis, samábyrgðar.

Við höfum að undanfögnu verið rækilega á það minnt að þjóðin lifir ekki á auðæfum einum saman. Hún þarfnast líka trúar og hollustu við hið góða, við boðskapinn sem Kristur færði okkur til eftirbreytni, við lífsgildin sem voru Guðrúnu gömlu leiðarljós þegar hún villtist ung að árum.

Í þokunni hét hún á kirkjuna að vísa sér veginn, bar skjólu með brauði, sex punda hleif sem átti að endast í viku nesti og gott betur. Hún var þjökuð og þreytt en þótt hungrið segði til sín snerti hún ekki brauðið. Það var ætlað öðrum.

Löngu seinna spurði forvitinn strákur úr sveitinni sem átti eftir að verða mesta skáld Íslands í undrun hvort henni hafi verið sama hvort hún lifði eða dó, bara ef brauðið kæmist á leiðarenda. Þá var svarað af hógværð og lítillæti: „Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir.“

Lítill frásögn úr Mosfellsdalnum, látlaus og einföld að allri gerð en er samt í hnotskurn leiðarljós um heilindi og trúmennsku, dæmisaga sem birtir kjarnann sem gefið hefur Íslendingum styrk og atorku í andstreymi, á erfiðum tímum viljann til verka, vissuna um hið góða í mannum sjálfum, að við rötum úr villu í ljósið, finnum leið í dimmri þoku, komumst heim með brauðið heilt.

Á undanförunum árum höfum við séð árangur sem aldrei fyrr í vísindum og listum, viðskiptum og framleiðslu, lífskjörum og aðbúnaði – en samt er eins og samhugur hafi verið á undanhaldi; umhyggja og trúnaður véku fyrir kappsfullri áherslu á eigin hag. En þjóðin þarfnast líka trúar, hollustu við hið góða, lífsgildin sem voru Guðrúnu gömlu leiðarljós þegar hún fór ung villur vegar á heiðinni fyrir ofan Gljúfrastein.

Í vaxandi mæli spyrjum við öll, hvert og eitt, dag frá degi þegar óvissan er meiri en nokkurn gat grunað, þegar ótti og reiði grafa um sig í hjörtum margra:

Hvert er förlinn heitið? Hvað getum við gert, sérhver einstaklingur og við öll saman? Hvert verður hlutverk kirkjunnar, presta, safnaða, kristinna manna á vegferðinni sem nú er hafin?

Kirkjan er ásamt Alþingi elsta stofnun þjóðarinnar, samferða henni um aldir þjóðveldis, konungdæmis, nýlendustjórnar, sjálfstæðisbaráttu og á lýðveldistíma.

Þegar mikilvægar stoðir bresta reynir meira á hinar sem eftir standa, stofnanir sem fylgt hafa þjóðinni um langan aldur en líka á eðliskosti þjóðarinnar, innri styrk, samstöðu og samhjálp.

Á fyrri tíð var sú félagsþjónusta sem nú er veitt af sveitarfélögum ekki fyrir hendi í formlegri mynd. Þá hvíldi þunginn af því starfi á kirkjunnar mönnum sem sinntu sálarsorgun, hlustuðu, veittu ráð, hughreystu; presturinn var í senn sálfræðingur, félagsráðgjafi, heimspekingur, mannvinnur og mælskumaður.

Eins og málum þjóðarinnar er háttað nú, reikar hugurinn til margra kirkjusköruna frá fyrri tíð og kannski kemur eldklerkurinn fyrstur í hugann, presturinn sem hélt utan um sína hjörð, óbilandi hirðir frami fyrir hamförum náttúrunnar.

Kirkjan er enn á okkar tímum burðarstrengur í öryggisneti sem ætíð er okkur mikilvægt en þó aldrei sem nú þegar öldurót atvinnumissis og upplausnar skellur á heimilum landsins. En samfélagsnetið felst líka í hugmyndaarfi hins kristna siðferðis, þeirri hugsun að fólk í sveitarfélagi, raunar landsmenn allir, þurfi að standa saman þegar vá ber að dyrum.

Það hefur verið fróðlegt að kynnast því í heimsóknum mínum til byggða landsins síðustu daga hve kirkjan er fús að taka höndum saman við stofnanir, sveitarfélög og önnur samtök, opna dyr sínar fyrir fólki sem þarf á huggun og hjálp að halda.

Kirkjan er ríkulega búin að langri sögu, menningu og lærdómi, alþjóðlegri sýn og íslenskum rótum – boðberi lögmáls sem er samgróið siðferðisvitund Íslendinga.

Verkefni dagsins og næstu ára kalla því á virkni kirkjunnar með skýrari hætti en oftast áður, kalla á leiðsögn, samkennd og hjálp; að komið sé til móts við einlægar óskir frá einstaklingum, fjölskyldum, heilli þjóð.

Þjóðkirkja er fallett orð – en líka hugsjón, grundvöllur skipunar sem Íslendingar hafa kosið sér; þjóðkirkja – nú er hún knýjandi nauðsyn hvern einasta dag.